



## Reglur Styrktarsjóðs Borðtennissambands Íslands

Tilgangur þessara reglna er að setja skýran ramma um styrkveitingar til einstaklinga úr sjóðum BTÍ. Með slíkum ramma fæst betri fyrirsjáanleiki og gagnsæi í styrkveitingar sambandsins.

### 1. Markmið

Markmið styrkveitinga á vegum BTÍ er að styrkja afreksfólk í borðtennis og borðtennis íþróttina á Ísland.

### 2. Umfang

BTÍ styrkir leikmenn, þjálfara og dómara fjárhagslega til þess að leita sér þekkingar og/eða auka getu sína tengda borðtennis.

Markmið BTÍ er að árlega séu 400.000 kr. til úthlutunar frá sjóðnum til umsækjenda. Sjóðurinn getur þó úthlutað minna fé ef ekki hafa borist nægjanlega hæfar umsóknir til sjóðsins.

### 3. Umsóknarfrestur

Umsóknir hvers árs skulu hafa borist fyrir 1. desember árið á undan og skal sjóðurinn afgreiða umsóknir fyrir 1. janúar.

Hafi sjóðurinn ekki úthlutað öllu sínu fé fyrir líðandi ár í fyrstu umferð skal annar umsóknarfrestur vera til 1. maí og skulu umsóknir afgreiddar fyrir 1. júní.

Hafi sjóðurinn enn ekki úthlutað öllu sínu fé fyrir líðandi ár í annarri umferð skal þriðji umsóknarfrestur vera til 1. ágúst og skulu umsóknir afgreiddar fyrir 1. september.

### 4. Umsóknir

Umsóknum skal fylgja kostnaðaráætlun, lýsing á verkefni og lýsing á hvernig verkefnið samræmist markmiðum sjóðsins.

### 5. Meðferð umsókna

Að umsóknarfresti liðnum skipar stjórn BTÍ tvo umsagnaraðila til þess að fara yfir umsóknir og bera fyrir stjórn. Umsagnaraðilar skulu vera óhlutdrægir og ekki tengdir umsækjendum. Stjórn BTÍ ber endanlega ábyrgð á úthlutun úr sjóðnum.

Umsóknir skulu metnar út frá:

1. Efnileika og framtíðarmöguleikum umsækjanda
2. Fjölbreytileika styrkþega
3. Vilja og getu til þess að gefa til baka til borðtennis hreyfingarinnar.
4. Eljusemi og áræðni umsækjanda